

Gátlisti yfir gögn sem þurfa að fylgja með umsókn til Tógó - einhleypir

- | | |
|--|--|
| ☐ Bréf frá umsækjanda | ☐ Atvinnuvottorð |
| ☐ Forsamþykki | ☐ Vegna fráfalls / Guardian statement |
| ☐ Fæðingavottorð | ☐ Karlkyns fyrirmynd |
| ☐ Staðfest ljósrit af vegabréfi | ☐ Afrit af launaseðlum |
| ☐ Sakavottorð | ☐ Ljósmyndir |
| ☐ Staðfesting á hjúskaparstöðu | ☐ Meðmælabréf |
| ☐ Sálfræðimat | ☐ Staðfesting á undirbúningsnámskeiði „Er ættleiðing fyrir mig“ |
| ☐ Umsögn félagsráðgjafa | |
| ☐ Læknisvottorð | |

Bréf frá umsækjanda: Þetta er bréf frá þér þar sem þú segir frá ástæðum þess að þú vilt ættleiða og frá þér sjálfum og þínu lífi. Einnig þarf að koma fram óskir um aldur og kyn barns. Undirrita þarf bréfið. Stíla skal bréfið á forseta undirréttar í Lomé eða **Président du tribunal de Première Instance, Première Classe de Lomé**.

Forsamþykki: Kemur frá sýslumanninum í Reykjavík og er frumritið sent beint á skrifstofu ÍÆ.

Fæðingavottorð: Útgefið af Þjóðskrá.

Staðfest ljósrit af vegabréfi: Fara þarf til sýslumanns og láta hann ljósrita vegabréf umsækjanda. Sýslumaður stimplar ljósritin til staðfestingar.

Sakavottorð: Beiðni um sakavottorð má beina til hvaða sýslumanns sem er utan sýslumannsins í Reykjavík en íbúum í umdæmi hans er bent á afgreiðslu sýslumannsins í Kópavogi. Einnig má sækja um sakavottorð hjá lögreglustjórum landsins utan höfuðborgarsvæðisins.

Staðfesting á hjúskaparstöðu: Útgefið af Þjóðskrá.

Umsögn félagsráðgjafa: Sama umsögn og var gerð fyrir útgáfu forsamþykkis.

Sálfræðimat: Valgerði Magnúsdóttur, sími: 896-0449 hefur reynslu.

Læknisvottorð: Frá heimilislækni eða öðrum lækni sem hefur annast umsækjanda. Í vottorðinu þarf að koma fram að þú sért heilbrigð líkamlega og andlega og að ófrjósemi sé ástæða þess að þú vilt ættleiða.

Karlkyns fyrirmynd: Umsækjandi þarf að sýna fram á vilja til að velja karlkyns fyrirmynd fyrir barnið.

Atvinnuvottorð: Vinnuveitandi gerir þetta vottorð.

Vegna fráfalls / Guardian statement: Bréf um þann sem mun annast barnið ef þú fellur frá. Í bréfinu þarf að vera lýsing á viðkomandi, starfi og fjárhagsstöðu og það þarf að vera undirritað af viðkomandi.

Afrit af launaseðlum: Afrit af síðustu þremur launaseðlum.

Ljósmyndir: Myndir af ykkur og heimilinu. Tvær myndir af heimilsfólki, tvær af húsinu að utan, fjórar af heimilinu og heimilsfólkinu í daglegum störfum. Ef barn er á heimilinu þá þarf að senda mynd af barnaherberginu.

Meðmælabréf: Bréfin þurfa að vera þrjú og mega vera frá vinum eða kunningjum sem þekkja ykkur/þig vel.

Staðfesting á að umsækjandi hafi sótt undirbúningsnámskeið fyrir ættleiðingu: ÍÆ gefur þessa staðfestingu út eftir að umsækjandi hefur lokið námskeiðinu, „Er ættleiðing fyrir mig“.

Þegar umsækjandi hefur safnað saman öllum skjölum og látið þýða þau yfir á frönsku fer skrifstofa ÍÆ yfir þau, þá lætur umsækjandi stimpla umsóknina hjá sýslumannsembættinu í Reykjavík (notarius publicus) og loks sér ÍÆ um að láta staðfesta þau hjá utanríkisráðuneytinu (apostille). Þá er umsóknin send til Innanríkisráðuneytisins sem sendir umsóknina með hraðsendingu til Tógó.

Öll gögn, líka frá vinnuveitendum og lækni, þurfa að vera skrifuð á bréfsefni, með undirritun og stimpluð ef hægt er og mega ekki vera eldri en þriggja mánaða.

Erlend stjórnvöld geta óskað eftir ítarlegri upplýsingum eða nýjum vottorðum. Ef svo er þá setur ÍÆ sig í samband við umsækjanda og lætur vita.